

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum





**Forsíðumyndin** er af Ölveri Práinssyni starfsmanni Norðlenska á Húsavík. Ölver er jafnframt trúnaðarmaður starfsmanna. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

## Atvinnurekendur ATH!

Hvetjum atvinnurekendur til að hafa samband við Hilmar á skrifstofu stéttarfélaganna (framsyn@framsyn.is) ef einhver laus störf eru í boði. Framsýn.

FRAMSYN  
STÉTTARFÉLAGANNA

## Gangnamiðar hækka

Vegna verðhækkunar sem orðið hefur hjá Speli á ferðum í gegnum Hvalfjarðargöngin hækka miðar í göngin sem eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna í kr. 600 um næstu mánaðamót.

## Vildu fræðast um skattkerfisbreytingar og fleira



Hópur erlendra verkamanna fundaði með fulltrúum Framsýnar um þjóðfélagsmál.

Erlendir starfsmenn á Húsavík óskuðu nýlega eftir fundi með fulltrúum Framsýnar. Höfðu þeir áhuga á að ræða nokkur mál við fulltrúa félagsins. Á annað hundrað erlendra starfsmanna starfa á Húsavík um þessar mundir, flestir þeirra starfa við fisk- og kjötvinnslu. Áhugi var fyrir því að fræðast um nýju skattkerfisbreytingarnar og hvernig þær kæmu út fyrir verkafólk og barnafjölskyldur. Þá spurðu þeir út í þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave þar sem takmarkaðar upplýsingar væru á öðrum tungumálum en íslensku. Söggðust þau fá fréttir af ástandinu á Íslandi í gegnum erlenda fjölmiðla. Ljóst er að íslensk stjórnvöld og aðrir

þeir sem koma að Icesave málinu mættu gera miklu meira af því að upplýsa erlenda íbúa þessa lands um gang mála þar sem fréttir í erlendum fjölmiðlum eru oft mjög villandi og gefa ekki rétta mynd af ástandinu á Íslandi. Á fundinum var einnig komið inn á verkalýðsmál, heilbrigðisþjónustu og vöruúrval í matvörubúðum á Húsavík. Í lok fundarins þökkðu erlendu starfsmennirnir fulltrúum Framsýnar fyrir góðar upplýsingar en félagið hefur lagt mikla áherslu á að viðhalda góðu sambandi við erlenda félagsmenn sem starfa á félagssvæðinu og þeir kunna vel að meta þessi góðu samskipti.

## Þrumuræða formanns sló í gegn

Formaður Framsýnar var ræðumaður á baráttufundi sem haldinn var á Austurvelli en slíkir fundir hafa verið haldnir þar á laugardögum í vetur. Ræðan vakti mikla athygli og voru m.a. erlendir fjölmiðlar á staðnum. Á heimasíðu Hagsmunasamtaka heimilanna stendur: "Aðalsteinn Á. Baldursson frá Stéttarfélaginu Framsýn kom í heimsókn frá Húsavík og þrugaði yfir vellinum með miklum norðlenskum krafti." Hægt er að hlusta á ræðuna með því að fara inn á heimasíðu Framsýnar, framsyn.is. Þá er einnig hægt að hlusta á hana á skarpur.is. eða á hjariveraldar.is



Aðalsteinn hélt þrumandi ræðu á Austurvelli. Ræðan vakti mikla athygli og hefur töluvert verið fjallað um hana í fjölmiðlum auk þess sem margir hafa sett sig í samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og þakkað formanninum fyrir góða ræðu.



Brátt fyrir vont veður komu hundruðir manna á Austurvöll. Hér má sjá fólk safnast saman fyrir uppbjaf fundarins. Innlendir sem erlendir fjölmiðlar voru einnig á staðnum.

## Áskorun til sjávarútvegsráðherra

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkti að senda eftirfarandi áskorun á Sjávarútvegsráðherra og varðar aukningu á þorskkvóta.

„Framsýn- stéttarfélag skorar á Sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðirári þar sem margt virðist benda til þess að mun meira sé af fiski í sjónum en rannsóknir sýna. Ljóst er að fjöldi báta mun stöðvast á næstu vikum vegna kvótaleyfis með tilheyrandi atvinnuleysi meðal sjómanna og fiskvinnslufólks. Um þessar mundir eru um 17.000 manns á atvinnuleysisráð, sem er ekki bara ómurlægt fyrir þá sem ráfa atvinnulausir um strætj og torg,

heldur kostar atvinnuleysið ríkissjóð um 25 milljarða á ári miðað við stöðuna eins og hún er í dag. Að mati Framsýnar er því full ástæða til að ígrunda það mjög gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að taka tillit til fréttu af mikilli fiskgengd í kringum landið og auka kvótann tímabundið í samráði við hagsmunaáðila. Góð veiði undanfarið bendir til þess að mun meira sé af þorski í sjónum en mælingar Hafrannsóknarstofnunnar sýna. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þýðingu þess fyrir þjóðarþúið að aflinn verði aukinn, ekki síst í ljósi efnahagsástandsins og þess mikla atvinnuleysis sem er viðvarandi í þjóðfélaginu. „

## Fundarsalurinn tekinn í gegn

Í byrjun júní er áætlað að fara í viðamiklar endurbætur á fundaradstöðunni í suðurhluta húsnæðis stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26. Breytingarnar eru löngu tímaþærar og verða væntanlega boðnar út í apríl/maí. Miðað er við að hægt verði að hefja framkvæmdir í byrjun júní og þeim ljúki síðar í sumar.

Arnildur Pálmaðóttir arkitekt er þessa dagana að hanna breytingar á húsnæðinu þannig að salurinn verði stækkaður um 25m<sup>2</sup> og þá verða gerðar þrjár nýjar skrifstofur í stað einnar sem er í dag. Ljóst er að með breytingunum mun starfsemi stéttarfélaganna eflast enn frekar.

## Hátíð í sjónmáli

Stéttarfélagin munu standa fyrir veglegri hátíðardagskrá í Íþróttahöllinni á Húsavík þann 1. maí. Hátíðin hefst kl. 14:00 og eru

allir Íslendingar velkomnir í höllina þar sem gleðin og tónlistin verða við völd að venju.

ÚTGEFENDUR: Þinginn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • ÁBYRGÐARMADUR: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 22. mars 2010 og gefið út í 2000 eintökum.

HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

# ASÍ leitar eftir skoðunum



Það var föngulegur hópur kvenna sem kom frá Verkalýðsfélagi Þórshafnar á fundinum um skipulagsmál ASÍ sem haldinn var á Húsavík.

Alþýðusamband Íslands hefur undanfarið staðið fyrir fundum er snerta stefnumál sambandsins og innri mál. Sem dæmi má nefna að ASÍ stóð fyrir tveggja daga fundi á Selfossi um lífeyrissjóðsmál og starfsemi lífeyrissjóða. Þá hafa þeir verið á ferðinni um landið og fundað um skipulagsmál sambandsins með fulltrúum aðildar-

félaga sambandsins. Einn slíkur fundur var haldinn á Húsavík með fulltrúum stéttarfélaganna í Pingeyjarsýslum og Einingar-löðu á Akureyri. Fundirnir hafa almennt verið málefnalegir og góðir og ástæða er til að hrósa sambandinu fyrir þessi vinnubrögð enda verði niðurstaða fundanna notuð til að efla sambandið til góðra verka.

## Frekari fréttir

Við viljum minna lesendur Fréttabréfsins á að daglega birtast fréttir á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is. Þar má sjá frekari umfjöllun um fréttirnar í Fréttabréfinu

og myndir af daglegu lífi fólks. Fjöldi fólks fer daglega inn á síðuna og skoðar fréttirnar. Við skorum á þig að gera það líka ef þú gerir það ekki nú þegar!

## Aðalfundur Framsýnar

stéttarfélags verður haldinn þriðjudaginn 20. apríl kl. 18:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
  - a) Félagaskrá
  - b) Skýrsla stjórnar
  - c) Ársreikningar
  - d) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
  - e) Kosning löggilts endurskoðanda
  - f) Lagabreytingar
  - g) Ákvörðun árgjalda
  - h) Laun stjórnar
2. Breytingar á félagsaðstöðu
3. Önnur mál

Boðaðar lagabreytingar og ársreikningar félagsins munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins viku fyrir fund. Félagar fjölmennið, veitingar verða í boði.

Framsýn- stéttarfélag

FRAMSÝN

## Hressar konur í Grunnskóla Raufarhafnar



Sigrún, Jóhanna skólastjóri og Berglind starfa allar í Grunnskóla Raufarhafnar. Þær eru alltaf í stuði og því gaman að koma til þeirra í heimsókn. Undir létu spjalli buðu þær upp á kaffi og heimabakaða tertu af bestu gerð. Þá vildu þær koma því á framfæri að þær væru mjög ánægðar með Fréttabréf stéttarfélaganna.

Það var fallett veður á Raufarhöfn þegar fulltrúar Framsýnar voru þar í heimsókn síðasta föstudag. Komið var við á nokkrum vinnustöðum og spjallað við starfsmenn og stjórn-

endur. Rólegt var við höfnina enda ekki gott sjóveður. Aðeins einn bátur var á sjó. Þorsteinn GK, sem er á netaveiðum.

## Viðbótarmenn í stuði



Allt á fullu við úrbeiningu á boldugum nautum.

Kjötiðnaðarfyrirtækið Viðbót á Húsavík hefur starfað frá því í árslok 2003. Frá þeim tíma hefur starfsemi fyrirtækisins tífaldast. Um þessar mundir starfa 8 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Þegar forsvarsmenn Framsýnar voru þar á ferð var verið að úrbeina stórt og mikið naut frá Hákonu í Árbót. Nautið sem var þriggja ára vó 494,9 kíló og flokkaðist sem un1-úrval. Að sögn Viðbótarmanna hafa þeir verið að kaupa naut af bændum til úrbeiningar og frekari framleiðslu. Kjöttvörurnar hafa selst vel og hafa þeir vart undan að framleiða. Þá

hafa þeir auk þess tekið að sér verkefni fyrir Fjallalamb í úrbeiningu á lambakjöti. Minna hefur hins



Má bjóða þér að kaupa fersket gadaokjöt á góðu verði? Viðbót er með kjötborð sem er vinsalt meðal neytenda á stór Húsavíkursvæðinu.

vegar verið að gera í úrbeiningu á hreindýrakjöti enda sala á kjötinu dregist verulega saman auk þess sem óhagstætt er að flytja kjötið inn til frekari vinnslu vegna óhagstæðs gengis. Viðbót samanstendur af góðu fagfólki sem er að gera frábæra hluti. Þá hafa þeir opið kjötborð virka daga frá 09:00 til 17:00. Þar geta neytendur fengið ferskar og ódýrar kjöttvörur sem full ástæða er til að mæla með.



Berglind Samiúldóttir er ekki í úrbeiningu, hún er hins vegar í bókhaldinu og brosti bara yfir tilfæringum ljósmyndarans.

# Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

## -fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

### Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Stéttarfélagin í Pingeysýslum; Framsýn- stéttarfélag, Pingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sam- eiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Hótél Keflavík, Foss- og Edduhótelum, gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum. Hótél Keflavík og Fosshótel Barón og Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina. Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Pingeysýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

### Umsóknarrestur er til 15. apríl

### Orlofshús og -íbúðir

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 17.000 á viku. Almennir skiptidagar eru föstudagar.

Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

### • Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík



#### Freyjugata 10 Reykjav.

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.  
Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.  
Íbúð 3: Stúdíóíbúð. Útv. / Sjónv.

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel staðsettar í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum. Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherbergjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með koju. Auk þess eru tvær aukadýnur

í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsófi og tvær aukadýnur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnaðstaða er í sama rýminu. Í íbúðinni er hjónarúm, svefnsófi og tvær aukadýnur.

### • Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



#### Asparfelli 8 Reykjav.

Íbúð: 1 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

### • Orlofshús Stóruskógum



#### Stóruskógar við Munaðarnes

3 svefnherb. Heitur pottur

Í orlofsbyggðinni Stóruskógum, sem er 21 km. fyrir norðan Borgarnes, er boðið upp á tvö 54 m<sup>2</sup> orlofshús. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og hin tvö með koju. Við húsin eru heitir pottar og stór verönd.

Frá Stóruskógum er stutt á flesta áfangastaði á Suð-vesturlandi og Snæfellsnesi.

### • Orlofshús Kjarnaskógi



#### Kjarnaskógur við Akureyri

3 svefnherb.

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m<sup>2</sup> orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum

og hin tvö með koju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

### • Orlofshús Illugastöðum



#### Illugastaðir Fnjóskadal

2 svefnherb. og svefnsófi

Í boði er nýlegt 48 m<sup>2</sup> orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd með heitum potti.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.

### • Orlofshús Öxarfirði



#### Dranghólaskógur Öxarf.

3 svefnherb.

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 28. maí til 27. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

### • Orlofshús Eiðum- MIKIÐ ENDURBÆTT



#### Eiðar á Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m<sup>2</sup> orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

### • Orlofshús Einarstöðum



#### Einarstaðir Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Einarstöðum, sem er 10 km sunnan við Egilsstaði, er boðið upp á 45 m<sup>2</sup> orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og aukarúm en kujur í hinum. Í byggðinni eru leiktæki fyrir börn. Einarstaðir eru sérstaklega vel staðsettir m.t.t. ferðalaga á Austurlandi.

### • Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



#### Mörk Grímsnesi

3 svefnherb. / Heitur pottur

Orlofshúsið er um 52 m<sup>2</sup> að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kaja en í hinum eru kujur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið.

### • Orlofshúsið Útgarður Grímsnesi



#### Útgarður Grímsnesi

2 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m<sup>2</sup> (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m<sup>2</sup> svefnloft með tveim rúmmum og 4 dýnum. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum.

## • Orlofshús Ölfusborgum



## Ölfusborgir

3 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m<sup>2</sup> þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð vernd og heitur pottur er við húsið.

## • Blómsturvellir við Súðavík-NÝTT

Í boði er 90 m<sup>2</sup> sumarhús í útjaðri Súðavíkur. Um er að ræða nýlega uppgert einbýlishús með fjórum svefnherbergjum. Í þremur herbergjum eru tvíbreið rúm og eitt herbergi með einbreiðu rúmi. Stutt er í skemmtilegar og



## Blómsturvellir

4 svefnherbergi

athyglisverðar gönguleiðir og stutt keyrsla til allra helstu áfangastaða við Ísafjarðardjúp. Um 20 km akstur er út á Ísafjörð, höfuðstað Vestfjarða.

## • Reykingar og húsdýr



Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða

þetta bann.

Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum.

Brot á þessum reglum varða tafarlausni brottvikningu úr húsnæðinu.

## Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Dalvík, Laugum, við Hornafjörð, Skaffafelli og Hellu.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir uppabúið tveggja manna herbergi með baði og morgunverði fyrir tvo og bóka síðan gistingu.

• **Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 6.000 með niðurgreiðslu.**

• **Fritt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.**

• **Aukarúm kostar kr. 4.000 með morgunmat.**

• **Í júní er kr. 5.000 aukagjald fyrir gistingu í Skaffafelli, Barón og Lind.**

• **Í júlí og ágúst skal greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt.**

**Einnig býðst gisting á Grand Hótel Reykjavík í júlí og ágúst en þá er greitt fyrir hverja nótt með tveimur gistimiðum.**

# FOSSHÓTEL

## Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurlugvöll.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótelinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi. Félögin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan

félagsmann.

Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bilnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaut.

Nánari upplýsingar á [www.hotelkeflavik.is](http://www.hotelkeflavik.is)

## Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 13 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Nesjaskóli, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Eiðar, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður. Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppabúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelid

leggur til dýnur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 5.000,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótelum eftir tímabilum. Nánari uppl. á [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)



## Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gisting á farfuglaheimilum en þau eru 34 og staðsett um allt land.

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kotta, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að

leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla [www.hostel.is](http://www.hostel.is) eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



## Útilega í boði þíns stéttarfélags

Félagmenn og fjölskyldur þeirra geta nú sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanland, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila

og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagsmaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði.

## Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu félaganna [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is). Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 15. apríl nk.

## Fundað með atvinnuleitendum fyrir austan



Soffía og Hilmar báða sig hér í góða veðrinu á Rauðarhöfn. Þau voru þar ásamt formanni Framsýnar að funda með atvinnuleitendum.

Fulltrúar Framsýnar og Vinnu-  
málastofnunar stóðu fyrir tveimur  
fundum með atvinnuleitendum í  
Norðurþingi. Fundað var á Kópaskeri  
og á Rauðarhöfn. Soffía Gísladóttir  
frá Vinnu-  
málastofnun gerði  
grein fyrir úrræðum og starfsemi  
stofnunarinnar. Þá gerðu fulltrúar  
Framsýnar, þeir Aðalsteinn Á.  
Baldursson og Hilmar V. Gunnarsson  
grein fyrir aðkomu félagsins að  
málefnum atvinnulausra. Þeir

gerðu fundarmönnum einnig grein  
fyrir úrræðum sem félagið vinnur  
að og viðkemur atvinnuleitendum.  
Fundirnir voru upplýsandi og góðir  
og voru atvinnuleitendur ánægðir  
með framtak Vinnu-  
málastofnunar og Framsýnar að boða til funda  
um málefni atvinnulausra. Þá má  
geta þess að aðilar ráðgera að  
funda með atvinnuleitendum í  
Þingeyjarsveit og Mývatnssveit á  
næstu dögum.

## „Öfugmæli að kenna sáttmálann við stöðugleika“

Aðalsteinn Á. Baldursson, for-  
maður Framsýnar, vill slíta stöðug-  
leikasáttmálanum sem aðilar  
vinnu-  
markaðsins og stjórnvöld  
undirrituðu í fyrrasumar. Það eina  
sem samningurinn hafi gert er að  
þyngra gríðarlega byrðar almennings  
í landinu. Því sé ekki hægt að kenna  
sáttmálann við stöðugleika. „Hér  
býr tæplega 50% þjóðarinnar við  
kjaraskerðingu frá hruninu, skuldir  
heimilanna hafa margfaldast og  
atvinnuleysi er gríðarlegt og fer  
vaxandi. Í stöðugleikasáttmálanum  
er auk þess talað um að flýta fyrir  
stórframkvæmdum og atvinnu-

uppbyggingu sem efndir hafa ekki  
orðið á,” segir Aðalsteinn í samtali  
við fjölmiðla og í Silfri Egils. Hann  
vill að Alþýðusambandið og Samtök  
atvinnulífsins slíti samningnum.  
„Ég veit ekki um eitt einasta  
atriði þar sem samningurinn  
hefur hjálpað til við uppbyggingu  
heimilanna.” Aðalsteinn segir  
að heiti stöðugleikasáttmálans  
sé afar merkilegt. „Það er algjört  
öfugmæli að kenna sáttmálann við  
stöðugleika. Ég veit ekki um neinn  
sem hefur orðið var við einhvern  
stöðugleika í landinu. Ég auglýsi hér  
með eftir viðkomandi.”

## Aðalfundur VP



Aðalfundur Verkalýðsfélags Þórshafnar verður haldinn  
27. apríl 2010 kl.20:00 í Verinu á Þórshöfn.  
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.  
Nánar auglýst síðar.

Stjórn VP

## Vel gengur hjá Norðlenska



Sigmundur Ræðir bér við Ragnheiði og nafna sinn sem voru í óða önn að ganga frá úrvals saltkjöti í söluumbúðir.

Einn af öflugustu vinnustöðum  
á félagssvæði stéttarfélaganna í  
Þingeyjarsýslum er Norðlenska  
á Húsavík. Þar starfa um 46  
starfsmenn um þessar mundir  
en voru fleiri fyrir áramót þegar  
jólavertíðin var í gangi. Síðasta  
haust var sláttrað um 70 þúsund  
fjár og gekk sláturtíðin vel að  
vanda og gekk auk þess ágætlega  
að manna sláturtíðina. Dregið hefur  
úr lambakjötssölu sem er afleiðing  
ástandsins í þjóðfélaginu en  
Norðlenska á Húsavík sérhæfir sig  
í vinnslu og sölu á lambakjöti. Mest  
af kjötinu fer á innanlandsmarkað.  
Norðlenska flytur einnig út kjöt  
og reyndar bein líka af skrokkum  
sem hafa verið úrbeinaðir. Þegar  
formaður Framsýnar var í

skoðunarferð í fyrirtækinu rétt fyrir  
sprengidaginn var allt á fullu enda  
verið að undirbúa dýrindis saltkjöt  
fyrir neytendur. Allt kjöt var komið í  
salt og unnið að því hörðum höndum  
að pakka lostætinu í viðeigandi  
umbúðir. „Miðað við það magn sem  
við seljum má áætla að um 150.000  
manns borði saltkjöt frá okkur,  
sem er ekki lítið og ljóst að hlutirnir  
verða að vera í lagi á þessum mikla  
lambakjötssdegi,” sagði Sigmundur  
Hreiðarsson sem lóðsaði formann  
Framsýnar um fyrirtækið. Eftir góða  
kynningu á starfsemi fyrirtækisins  
bauð Sigmundur Aðalsteini í mat,  
þó ekki í saltkjöt heldur dýrindis  
pottrétt hjá Guðrúnu úr Árholti sem  
starfar í eldhúsi fyrirtækisins við  
góðan orðstír.



Viðgerðarmennirnir, Birkir og Kristján, í sínu heilaga enda báðir flottir.



Hver er með fallegasta brosið? Þeir góðir og tryggir starfsmenn Norðlenska.

## Starf Framsýnar dregur úr atvinnuleysi

Frá því að Framsýn, ásamt samstarfsaðilum, fór af stað með verkefnið „Aftur í vinnu“ hafa alls 13 atvinnuleitendur komist í vinnu í gegnum atvinnuöflunina okkar. Þessi atvinnuöflun er ekki mjög formleg. Hún virkar þannig að við setjum okkur í samband við atvinnurekendur á svæðinu og biðjum þá um að láta okkur vita af öllum lausum störfum sem í boði eru. Þessi störf auglýsum við svo á Opna húsinu og aðstoðum atvinnuleitendur við að sækja um stöfin. Enn á eftir að manna nokkur laus störf og hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar á Opna húsinu milli kl. 10:00 og 12:00 virka morgna. Mætingin á Opna húsið hefur frá upphafi verið nokkuð jöfn, þetta hefur verið ca. 20 manna kjarni, þó aðeins hafi fækkað síðustu tvær vikur. Ástæðan fyrir fækkuninni er sú að fleiri og fleiri „fastagestir“ hafa verið að komast aftur út á vinnumarkaðinn, sem er gott. Við skorum því á alla atvinnuleitendur sem ekki hafa nú þegar litið við í Opna húsinu að kíkja á okkur og kynnast því starfi sem þar fer fram. Vert er að taka fram að Opna húsið er ekki einvörðungu ætlað atvinnuleitendum því við tökum vel á móti öllum þeim sem eiga lausa stund milli kl. 10:00 og 12:00 og vilja líta við í kaffibolla og spjall. Stefnt er að því að bjóða upp á ýmskonar námskeið fyrir atvinnuleitendur, nú þegar hafa verið haldin tvö skyndihjálparnámskeið og þátttakan var nokkuð góð. Unnið er að því að bjóða upp á fleiri námskeið í samvinnu við samstarfsaðila okkar, t.d. tölvunámskeið fyrir byrjendur þar sem aðaláherslan verður lögð á internetnotkun og tölvupóstsamskipti. Í byrjun mars funduðu fulltrúar Framsýnar og Vinnuálastofnunar með atvinnuleitendum á Kópaskeri og Raufarhöfn. Á fundinum á Raufarhöfn kom fram vilji atvinnuleitenda til að koma á fót kaffimorgnum og íþróttatímum. Verið er að vinna í þeim málum og vonast er til að sú starfsemi fari í gang á



*Hilmar Valur er mjög ánægður með árangurinn af starfinu. Höpur ungmenna er í verkefnum á vegum Framsýnar og Vinnuálastofnunar og þá hafa 13 einstaklingar fengið vinnu í gegnum atvinnuöflun Skrifstofu stéttarfélaganna. Það er full ástæða til að skála fyrir árangrinum segir Hilmar og brosir.*

næstu dögum. Einnig er stefnt að því að funda með atvinnuleitendum í Mývatnssveit og Píngeyjarsveit. Verkefnið „Ungt fólk til athafna“ sem Framsýn er þátttakandi í er einnig á góðu róli. Markmiðið með því verkefni er að allir atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára verði annaðhvort komnir í vinnu eða virkniúrræði fyrir 1. apríl. Þegar þetta er skrifað eru um 30 ungmenni komin í virkniúrræði eða í fulla vinnu á vegum Framsýnar og samstarfsaðila. Það ánægjulegasta við þetta verkefni er hversu virk ungmennin eru í verkefnum. Flest öll voru komin með nóg af því að „hanga“ heima hjá sér allan daginn og hafa ekkert fyrir stafni. Hér á Húsavík hafa Íþróttafélagið Völsungur, Norðurþing, Rauði krossinn, Framhaldsskólinn og Þekkingarsetrið boðið upp á ýmskonar verkefni, starfsnám, námskeið eða bóklegt nám fyrir þennan aldurshóp.

Allar frekari upplýsingar í sambandi við verkefnið er hægt að fá hjá Hilmar Val Gunnarssyni verkefnastjóra, annaðhvort í síma 464-6600 milli kl. 9:00 og 17:00 virka daga eða í gegnum tölvupóst: framsyn@framsyn.is

## Impra Nýsköpunarmiðstöð, starfsstöð á Húsavík.



*Solveig Ýr Sigurgeirsdóttir og Erla Sigurðardóttir, starfsmenn Impru á Húsavík, komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna og gerðu starfsmönnum grein fyrir starfsemi Impru.*

Impra á Nýsköpunarmiðstöð Íslands opnaði starfsstöð á Húsavík í maí á síðasta ári. Impra er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki. Hjá Impru er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem við kemur viðskiptahugmyndum og almennum rekstri fyrirtækja. Hægt er að leita til sérfræðinga á ýmsum sviðum um leiðsögn og upplýsingar varðandi mismunandi þætti hugmynda og reksturs. Impra veitir einstaklingum og fyrirtækjum endurgjaldslausu leiðsögn við þróun viðskipta- og vörughugmynda, stofnun og rekstur fyrirtækis og gerð viðskiptaáætlana. Meðal hlutverka Impru er einnig að móta sértæk stuðningsverkefni

sem stuðla að bættum rekstri og framgangi viðskiptahugmynda og miðla hagnýtri þekkingu um stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vefsvæði Impru [www.impra.is](http://www.impra.is), er hægt að nálgast frekari upplýsingar og ýmsan nýtilegan fróðleik svo sem reiknilíkon til notkunar við áætlunargerð t.d. rekstrar- og fjárhagsáætlunar, upplýsingar um styrki, námskeið, stuðningsverkefni, leyfismál o.fl.. Skrifstofa Impru á Húsavík er staðsett á 3. hæð í gamla Kaupfélagshúsinu að Garðarsbraut 5. Þar eru tveir starfsmenn, Erla Sigurðardóttir ([erla.sig@nmi.is](mailto:erla.sig@nmi.is)) beinn sími 522 9491 og Solveig Ýr Sigurgeirsdóttir ([solveig@nmi.is](mailto:solveig@nmi.is)) beinn sími 522 9492.

## Nýtt eldhús og góðar bókanir í sumar

Fulltrúi Framsýnar leit við hjá hóteltjóra og starfsmönnum Fosshótel Húsavíkur. Þar ræður ríkjum Jóna Árný Sigurðardóttir hóteltjóri. Jóna var ánægð með lífið, sagði að þó nokkuð hefði verið um gistibókanir á hótelið í vetur og þá væru framundan þing og ráðstefnur á næstu mánuðum sem þau væru að undirbúa. Þá sagði hún að hótelið væri að fyllast í sumar og væru bókanir í ár með besta móti og talsvert betri en á síðasta ári. Af bókunum að dæma mætti reikna með miklum ferðamannastraumi til Húsavíkur í sumar, sem væri bara frábært. Hótelið sér einnig um mótuneyti fyrir Borgarhólsskóla sem er í næsta nágrenni við hótelið. Um 4 til 5 starfsmenn hótelsins sinna þessum störfum auk þess sem nokkrir starfsmenn skólans fylgja nemendum eftir úr skólanum og sjá til þess að allt fari vel fram og þeir fái nóg að borða og drekka. Hótelið hefur einnig unnið að því



*Jóna hóteltjóri og Sigurður sem er margt til lista lagi. Í dag var hann að elda við annan mann. Að bæta aðstöðuna í eldhúsinu og er það nú orðið allt hið glæsilegasta og í samtölum við Jónu og aðra starfsmenn voru þeir afar ánægðir með breytingarnar á eldhúsinu. Almenn virðast ferðaþjónustuaðilar á félagsvæði Framsýnar vera bjartsýnir á komandi sumar sem er hið besta mál.*

## Aðalfundur Þingiðnar



Aðalfundur Þingiðnar verður haldinn fimmtudaginn 6. maí kl. 20:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Ársreikningur félagsins mun liggja fyrir á skrifstofu félagsins viku fyrir fund. Félagar fjölmennið. Góðar veitingar verða á boði.

**Þingiðnar**

## Kyrrð í sveitinni



Ketill bóndi og Guðrún Valgerður búfræðingur frá Hvanneyri fræða Framsýnarliðið um fjárræktina á Hallgilsstöðum. Þar er rekið myndarlegt fjárbú. Í jötunni krípur búfrúin Ósk og klappar bildóttum brú.

Fulltrúar Framsýnar fóru í vinnustaðaheimsókn í Merki og Hallgilsstaði í Fnjóskadal, einn laugardag í mars, en Merki er í landi Hallgilsstaða. Á tröppunum á Merki tók Ósk Helgadóttir húsrú á móti hópnum og bauð til stofu þar sem nýlagað kaffi og bakkelsi var á boðstólnum. Hún fór yfir starfseminna á bænum þar sem rekið er myndarlegt fjárbú auk þess sem heimilisfólkið stundar hannyrðir og vinnur m.a. úr hornum af hrein-

dýrum, nautgripum og sauðfé. Vörurnar hafa gengið vel í sölu, en þær hafa verið til sölu á Fosshóli þar sem handverkskonur og karlar hafa komið sér upp aðstöðu til að selja þær yfir sumartímann enda mikill áhugi fyrir handverki á svæðinu. Eftir kynningu á starfseminni dró Ósk Framsýnarliðið út í fjárhús og í gamla íbúðarhúsið á Hallgilsstöðum þar sem nú er vinnustofa með tækjum og tólum og fullt af hornum til frekari vinnslu.



Addi Steina stýrimaður á Þórsnesinu SH 109 er hér ásamt tveimur öðrum braustum sjómönnum um borð í bátinum. Þórsnesið hefur fiskað vel enda árvals áhöfn um borð.

## Heimilislegt í Pálsgarði



Starfsmennirnir Kristbjörg, Audur Björk og Sigurbhanna áttu gott spjall við formann Framsýnar ásamt heimilismönnum á Pálsgarði.

Það var boðið upp á rjúkandi kaffi og meðlæti þegar fulltrúi Framsýnar fór í heimsókn til starfsmanna og heimilismanna í Pálsgarði en þar er rekið sambýli fyrir fatlaða. Sigurbhanna Salómons dóttir forstöðumaður heimilisins tók vel á móti gestinum og gerði honum grein fyrir starfsemi þess en heimilið hóf starfsemi í september

1994. Fimm fatlaðir einstaklingar búa á heimilinu og fá þeir mjög góða umönnun enda vel búið að þeim og þá gera starfsmenn allt til að létta þeim stundir. Um tólf starfsmenn starfa á heimilinu í um 8 stöðugildum. Fulltrúi Framsýnar átti góða stund með starfsmönnum og heimilismönnum yfir kaffibolla og þakkar kærlega fyrir sig.

## Heimsókn í Aðaldalinn



Skólaláðarnir hlýða á boðskap Framsýnar.

Í febrúar stóðu yfir heimsóknir Framsýnarmanna á vinnustaði í Aðaldalnum. Komið var við í leikskólanum og í Hafalækjarskóla þar sem eru um 40 börn í dag en þau voru mun fleiri fyrir nokkrum árum.

Að venju urðu góðar umræður um málefni líðandi stundar og þá var einnig farið yfir starfsemi Framsýnar sem félagsmenn eru almennt mjög ánægðir með.



Matartími framundan og allt að verða klárt í eldhúsinu. Hólmsfríður og Didda sjá um það.

## Sjómannadeild VÞ ályktar

Sjómannadeild og stjórn Verkalýðsfélags Þórshafnar skora hér með á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína um að fella niður sjómannaafslátt. Með niðurfellingu sjómannaafsláttar er verið að skerða samningsbundin kjör sjómanna. Einnig skora Sjómannadeild og

stjórn Verkalýðsfélags Þórshafnar á stjórnvöld að auka við aflaheimildir, þar sem talið er að ástand fiskistofna sé betra en rannsóknir sýna. Á erfiðum tímum þurfum við að nýta auðlindir okkar gegn atvinnuleysi! Þannig samþykkt á stjórnarfundum 18.03.2010.

## Atvinnuleitendur ATH!

Stéttarfélagin eru með opið hús í fundarsal félagsins alla virka daga frá kl. 10:00 til 12:00 fyrir atvinnuleitendur. Boðið er upp á kaffi, skemmtilegar samræður, blöð, tímarit og internetaðgang. Þar má einnig sjá atvinnuauglýsingar.

Láttu endilega sjá þig.  
Stéttarfélagin









